

Skipulags- og umhverfisnefnd.

Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Egilsstaðir, þann 13. Febrúar 2026

Efni: Umsókn um leyfi fyrir að opna námur í landi Tungusels. F2168149.

Fyrir hönd Sólarsala, óskar undirrituð um að sækja um framkvæmdarleyfi fyrir tveimur námum í landi Tungusels.

Þörf er á efnistöku vegna byggingu veiðihúss og starfsmannahúss. Bygging veiðihússins og starfsmannahússins eru á lóð - Þorsteinsstaðir 1 - F2536999.

Framkvæmdartími verksins er Febrúar 2026- Júlí 2027.

Farið var í aðal- og deiliskipulagsvinnu fyrir veiði- og starfsmannahúsið. Í skipulagsgögnum var bætt við tveimur námum til umfjöllunar.

Námurnar fengu auðkennið N20 og N21.

Auðk.	Stærð (ha)	Heiti
N20	1,7 (ha)	Tungusel, efnisnáma
N21	0,5 (ha)	Tungusel, efnisnáma

Klippa úr aðalskipulagsgögnum

Heimil efnistaka, samkvæmt skipulagsgögnum er:

N20 15.000 m²

N21 10.000 m²

Þær kvaðir voru settar í aðalskipulagsgögnum að gengið skyldi frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur þeirra yrði endanlegur. Efnistökusvæðum sem stendur ekki til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Þörf er á efnistöku vegna bygginganna og lóðarfrágangi.

Náma N20 er í jaðri ræktaðs lands við Tungusel. Tekið verður úr bakka við núverandi veg og gengið snyrtilega frá að loknum framkvæmdum.

Náma N21 er á svæði sem hefur áður verið notað til efnistöku af landeiganda til eigin nota.


Vinnsludýpi í námum er að 4 metrum, magn áætlað til nýtingar við veiðihús og lóðarfrágang er að hámarki 8000 m³, gerð mól. Skiptist magn milli náma eins og þurfa þykir og hvar hentugt efni fyrir framkvæmdina fyrirfinnst.

Gengið verður snyrtilega frá námunum að verki loknu.




Klippa sýnir Tungusel og staðsetningar á námum.

Punktur 1	X = 662039	Y = 627254
Punktur 2	X = 662056	Y = 627232
Punktur 3	X = 661999	Y = 627142
Punktur 4	X = 661957	Y = 627180
Punktur 5	X = 661336	Y = 626497
Punktur 6	X = 661406	Y = 626478
Punktur 7	X = 661365	Y = 626262
Punktur 8	X = 661318	Y = 626263
Punktur 9	X = 661297	Y = 626393



Guli punktur sýnir staðsetningu lóðar fyrir veiði- og starfsmannahús. Brúnu puntar sýna staðsetningu náma.



Teikningin sýnir hvar veiðihús og starfsmannahús eru staðsett á lóð – Þorsteinsstaðir 1. Veiðihúsið og starfsmannahúsið standa um 4.5 km frá Tunguseli þar sem námur eru staðsettar.

Virðingarfyllt
F.h. Sólarsala

Anna María Þórhallsdóttir

Anna María Þórhallsdóttir arkitekt faí